

ÁRSSKÝRSLA 2025-2026

- fyrir aðalfund -

Reykjavík 19. febrúar 2026

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

18. aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2026

Haldinn í Mannréttindahúsinu, Sigtúni 42, Reykjavík, 19. febrúar kl. 20:00

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR

- Skipun fundarstjóra, ritara, og fundarsetning
- Skýrsla stjórnar: Guðmundur Ásgeirsson, formaður
- Reikningar samtakanna: Guðrún Harðardóttir, gjaldkeri
- Tillaga stjórnar um ákvörðun félagsgjalda
- Tillögur um breytingar á samþykktum
- Kosning stjórnarmanna
- Kosning varamanna
- Kosning skoðunarmanna
- Önnur mál

FRÁFARANDI STJÓRN 2025-2026

Aðalstjórn: Guðmundur Ásgeirsson formaður, Sigríður Örlýgsdóttir varaformaður, Guðrún Bryndís Harðardóttir gjaldkeri, Jónas Yngvi Ásgrímsson ritari, Guðrún Hulda Ólafsdóttir meðstjórnandi.

Varastjórn: Hafþór Ólafsson, Úlfhildur Elín Guðmundsdóttir, Ólöf Pálína Úlfarsdóttir, Ragnar Unnarsson.

TILLAGA UM FÉLAGSGJÖLD 2026

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna leggur til að félagsgjöld 2026 verði óbreytt, 5.900 krónur.

SKÝRSLA STJÓRNAR 2026

Skýrsla stjórnar sautjándra starfsár Hagsmunasamtaka heimilanna, 20. febrúar 2025 til 19. febrúar 2026, fyrir 18. aðalfund samtakanna, 19. febrúar 2025.

Undanfarið ár hefur verið viðburðaríkt í málefnum Hagsmunasamtaka heimilanna en hér verður leitast við að gera grein fyrir meginatriðum í starfinu og helstu tíðindum af þeim vettvangi.

Líkt og árin þrjú þar á undan hefur síðasta ár einkennst að miklu leyti af erfiðri stöðu efnahagsmála. Umræðan um verðbólgu, háa vexti, húsnæðisskort og síhækkandi húsnæðiskostnað heimilanna hefur verið mjög áberandi í samfélaginu og því eðli máls samkvæmt líka á vettvangi samtakanna.

Frá síðasta aðalfundi sátu í stjórn samtakanna: Guðmundur Ásgeirsson formaður, Sigríður Örlygsdóttir varaformaður, Guðrún Bryndís Harðardóttir gjaldkeri, Jónas Yngvi Ásgrímsson ritari og Guðrún Hulda Ólafsdóttir meðstjórnandi. Varamenn þeirra voru: Hafþór Ólafsson, Úlfhildur Elín Guðmundsdóttir, Ólöf Pálína Úlfarsdóttir og Ragnar Unnarsson. Stjórnarfundir voru 11 talsins frá síðasta aðalfundi. Skoðunarmenn reikninga voru Baldur Garðarsson og Sigfríð Gerður Hallgrímsdóttir.

Tveir starfsmenn voru á launaskrá samtakanna á síðasta ári í samtals 63% starfshlutfalli: Matthildur Sigurgeirsdóttir skrifstofustjóri og Guðmundur Ásgeirsson lögfræðingur í tilfallandi verkefnum.

Á fyrsta ári nýrrar ríkisstjórnar var lögð áhersla á að kynna samtökin og málefnalegar áherslur þeirra fyrir þeim ráðherrum sem fara með viðkomandi málaflokka. Fulltrúar samtakanna fengu fund með aðstoðarmanni dómsmálaráðherra ásamt sérfræðingum í dómsmálaráðuneytinu og forsætisráðherra ásamt aðstoðarkonu í nóvember, félags- og húsnæðismálaráðherra ásamt aðstoðarfólki í desember og atvinnuvegaráðherra ásamt sérfræðingum í atvinnuvegaráðuneytinu í janúar. Utanríkisráðherra hefur því miður ekki gefið sér tíma til að funda með fulltrúum samtakanna og aðeins hefur náðst stutt spjall við fjármála- og efnahagsráðherra en beðið er eftir svari við formlegri fundarbeiðni.

Formaður tók þátt í vinnustofu félags- og húsnæðismálaráðuneytisins með yfirskriftina „Rétt leiðin í húsnæðismálum“, sótti þrjá fundi Velferðarvaktarinnar, málþing EAPN á alþjóðlegum baráttudegi gegn fátækt og einn kynningarfund peningastefnunnar Seðlabanka Ísland um vaxtaákvörðun. Þá sóttu fulltrúar samtakanna fund í Mannréttindahúsinu um starfsemi og markmið þess.

Á starfsárinu voru 14 umsagnir um ýmis áformuð mál sendar í samráðsgátt stjórnvalda og fulltrúar samtakanna funduðu með sérfræðingi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og sérfræðingi úr félags- og húsnæðismálaráðuneytinu um eina þeirra. Jafnframt voru 26 umsagnir um lagafrumvörp og önnur þingmál sendar til Alþingis og fulltrúar samtakanna mættu jafnframt sem gestir á 8 fundi fastanefnda til að fjalla nánar um 9 af þessum málum og gera grein fyrir helstu áherslum samtakanna.

Einnig má nefna að samtökin knúðu á um birtingu skýrslu um hvað megi betur fara í húsnæðislánum sem var gerð fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið undir lok síðasta kjörtímabil en hafði ekki verið birt þegar ný ríkisstjórn var mynduð. Þá er beðið eftir því að úrskurðarnefnd um upplýsingamál ljúki kærumáli samtakanna gegn þáverandi menningar- viðskiptaráðuneyti frá þar síðasta ári.

Stjórn samtakanna sendi frá sér 4 tilkynningar um réttindi neytenda og vaxtamál. Formaður skrifaði 2 greinar í fjölmiðla, kom fram í 6 útvarpsviðtölum, 3 sjónvarpsviðtölum og 3 blaðaviðtölum. Samtals var fjallað um framgöngu samtakanna eða minnst á þau í fjölmiðlum í að minnsta kosti 61 skipti á starfsárinu. Þá halda samtökin úti hópsíðu á facebook með 11.700 meðlimum og miðla þar efni til félagsmanna og fylgjenda. Jafnframt sendu samtökin félagsmönnum 2 fréttabréf á starfsárinu.

Samtökin hafa um árabil haldið úti óháðri ráðgjafarþjónustu. Meginmarkmið þeirrar þjónustu er að veita félagsmönnum og neytendum á fjármálamarkaði aðstoð við að standa vörð um hagsmuni sína og leita lausna í málum þeirra. Þessi mál eru fjölbreytt og útheimta misjafnlega mikla vinnu, allt frá einfaldri upplýsingagjöf um réttindi og leiðbeiningar um hvert sé hægt að snúa sér til að leita úrlausna um þau, yfir í umfangsmeiri mál sem tengjast erfiðum fjárhagslegum vanda þar sem getur verið þörf á sérstakri ráðgjöf og aðstoð. Oft er um að ræða mál þar sem opinber úrræði hafa hentað illa eða reynst árangurslaus. Með því að byggja á reynslu samtakanna og útsjónarsemi er stundum hægt að finna aðrar og betri leiðir að lausnum. Það hefur sýnt sig að full þörf er á slíkri þjónustu til að grípa þau sem annars myndu falla í gegnum glufur í öðrum úrræðum eða á milli þeirra.

Til að standa undir launakostnaði við ráðgjafarþjónustuna hafa samtökin sótt um fjárveitingar frá hinu opinbera. Á síðasta ári fengust 4.000.000 kr. frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu á grundvelli rekstrarstyrks og 6.000.000 kr. frá atvinnuvegaráðuneytinu á grundvelli þjónustusamnings um neytendavernd í þágu heimilanna. Undir lok síðasta árs var sótt um endurnýjun þeirra samninga og hækkun fjárveitinga en von er á niðurstöðum á fyrsta fjórðungi ársins 2026. Starfsemi samtakanna er að öðru leyti fjármögnuð með félagsgjöldum og frjálsum framlögum frá almenningi sem geta veitt rétt til skattaafsláttar þar sem samtökin eru skráð á almannaheillaskrá Skattsins.

Svokölluð vaxtamál sem voru höfðuð fyrir tilstilli Neytendasamtakanna vegna ólöglegra skilmála um breytilega vexti hafa nú verið leidd til lykta fyrir dómstólum en því miður stóðu niðurstöður þeirra ekki undir væntingum. Þrátt fyrir að dómstólar viðurkenndu ólögmæti slíkra skilmála í tugþúsundum lánasamninga hefur það ekki skilað sér með viðeigandi leiðréttingum á fjárhagsstöðu hlutaðeigandi neytenda. Afstaða Hagsmunasamtaka heimilanna hefur þó alltaf verið skýr um að lánveitendur eigi að endurgreiða þeim allt oftekið fé umfram þá vexti sem var upphaflega samið um.

Því miður hefur komið í ljós að málatilbúnaður í umræddum dómsmálum hefur ekki verið að öllu leyti í samræmi við þessa afstöðu. Jafnframt hafa niðurstöður dómstóla ekki verið að öllu leyti í samræmi við málatilbúnaðinn og þær ítrustu kröfur um öfluga neytendavernd leiða af regluverki EES. Reyndar er mikilvægt að hafa í huga að þessi dómsmál voru höfðuð árið 2021, áður en vaxtahækkunarferli og hávaxtatímabil undanfarinna þriggja ára hófst og því reyndi alls ekki á lögmæti vaxtahækkana á því tímabili. Til að sækja ítrustu réttindi neytenda með tilliti til þeirra stökkbreytinga sem hafa orðið á greiðslubyrði þeirra síðan þá þyrfti að höfða fleiri vel valin mál með réttum málatilbúnaði. Það kemur í hlut nýrrar stjórnar að leggja mat á það hvort Hagsmunasamtök heimilanna geti beitt sér fyrir slíkum málarekstri og þá með hvaða hætti eða eftir atvikum í samstarfi við önnur félagasamtök.

Hér hefur verið stiklað á því allra stærsta í starfi Hagsmunasamtaka heimilanna frá síðasta aðalfundi en nánari upplýsingar má einnig finna í annál stjórnar sem fylgir með skýrslu þessari.

Guðmundur Ásgeirsson, formaður

ANNÁLL STJÓRNAR 2025-2026

Viðburðir og verkefni

20.02.2025 Aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2025

21.02.2025 HH senda fjármála- og efnahagsráðuneytinu beiðni um aðgang að skýrslu um löng óverðtryggð lán

26.02.2025 Stjórnarfundur HH nr. 3/2025

04.03.2025 Formaður HH tekur þátt í vinnustofu hjá Velferðarvakt félags- og húsnæðismálaráðuneytisins

06.03.2025 Félags- og húsnæðismálaráðuneytið tilkynnir styrkveitingar, þar á meðal til Hagsmunasamtaka heimilanna

31.03.2025 Fjallað um ráðgjafarþjónustu HH í Neytendablaðinu og tekið viðtal við formann stjórnar

01.04.2025 Fjármála- og efnahagsráðuneytið birtir skýrslu um löng óverðtryggð lán samkvæmt beiðni HH

09.04.2025 Stjórnarfundur HH nr. 4/2025

16.04.2025 HH senda félagsmönnum fréttabréf með umfjöllun um starfsemina, valkvæð félagsgjöld og frjáls framlög

07.05.2025 Stjórnarfundur HH nr. 5/2025

04.06.2025 Stjórnarfundur HH nr. 6/2025

01.07.2025 Stjórn HH sendir ákall til forystufólks flokka á Alþingi um að vinna að heildarhagsmunum neytenda

30.07.2025 HH birta pistil um rétt neytenda til úrræða vegna greiðsluerfiðleika án greiðslumats eða annarra hindrana

06.08.2025 Stjórnarfundur HH nr. 7/2025

07.08.2025 HH senda frá sér fréttatilkynningu: *Réttur neytenda til úrræða vegna greiðsluerfiðleika*

21.08.2025 Fulltrúar HH funda með sérfræðingum HMS og ráðuneytis um hlutdeildarlán og málefni húsnæðis kaupenda

03.09.2025 Stjórnarfundur HH nr. 8/2025

04.09.2025 Stjórn tilnefnir formann sem fulltrúa sinn í Velferðavakt félags- og húsnæðismálaráðuneytisins

04.09.2025 Formaður HH tekur þátt í vinnustofu félags- og húsnæðismálaráðuneytisins um húsnæðismál

01.10.2025 Stjórnarfundur HH nr. 9/2025

13.10.2025 HH senda frá sér fréttatilkynningu: *Áhættan af vaxtamálum bankanna vofir yfir ríkissjóði*

17.10.2025 Formaður HH sækir málþing EAPN á alþjóðlegum baráttudegi gegn fátækt

03.11.2025 HH senda frá sér fréttatilkynningu: *Vörum við ríkisafskiptum og höfnum óvissu í vaxtamálum*

05.11.2025 Stjórnarfundur HH nr. 10/2025

11.11.2025 Fulltrúar HH funda með Anne-Cécile Mermet rannsakanda frá Sorbonne háskóla um verðtryggingu á Íslandi

12.11.2025 Fulltrúar HH funda með aðstoðarmanni dómsmálaráðherra og sérfræðingum í dómsmálaráðuneytinu

13.11.2025 Formaður og varaformaður HH funda með forsætisráðherra og aðstoðarkonu í stjórnarráðshúsinu

19.11.2025 Formaður HH sækir kynningarfund um vaxtaákvörðun peningastefnunar Seðlabanka Íslands

20.11.2025 HH sækja um rekstrarstyrk fyrir hagsmunagæslu lántakenda hjá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu

25.11.2025 Formaður HH sækir fund hjá Velferðarvakt félags- og húsnæðismálaráðuneytisins

03.12.2025 Fulltrúar HH funda með félags- og húsnæðismálaráðherra í félags- og húsnæðismálaráðuneytinu

03.12.2025 Stjórnarfundur HH nr. 11/2025

07.01.2026 Stjórnarfundur HH nr. 1/2026

15.01.2026 Hagsmunasamtök heimilanna senda atvinnuvegaráðuneytinu greinargerð vegna þjónustusamnings 2025

15.01.2026 Hagsmunasamtök heimilanna sækja um endurnýjun á þjónustusamningi við atvinnuvegaráðuneytið

20.01.2026 Formaður HH sækir fund hjá Velferðarvakt félags- og húsnæðismálaráðuneytisins

21.01.2026 Fulltrúar HH funda með atvinnuvegaráðherra og sérfræðingum í atvinnuvegaráðuneytinu

21.01.2026 Hagsmunasamtök heimilanna senda félagsmönnum fréttabréf: *Staðan í vaxtamálunum*

21.01.2026 Fulltrúar HH sækja fund ÖBÍ í Mannréttindahúsinu um starfsemi og markmið hússins

04.02.2026 Stjórnarfundur HH nr. 2/2026

05.02.2026 Hagsmunasamtök heimilanna boða til aðalfundar með tilkynningu til félagsmanna

19.02.2026 Aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2026

Umsagnir og hagsmunagæsla

05.03.2025 Alþingi Evrópska efnahagssvæðið (bókun 35)

06.03.2025 Samráðsgátt Áform um almenna skráningarskyldu leigusamninga í leiguskrá

07.03.2025 Samráðsgátt Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna

24.03.2025 Samráðsgátt Drög að frumvarpi um breytingu á lögum um gististaði o.fl. (skilyrði fyrir skammtímaleigu o.fl.)

25.03.2025 Alþingi Stimpilgjald (kaup einstaklings í íbúðarhúsnæði eða lögbýli)

25.03.2025 Alþingi Stefna í neytendamálum til ársins 2030

08.04.2025 Alþingi Sýslumaður [sameining sýslumannsembætta]

14.04.2025 Alþingi Húsaleigulög (almenn skráningarskylda leigusamninga og breyting leigufjárhæðar)

23.04.2025 Alþingi Menntasjóður námsmanna (námsstyrkir og endurgreiðslur)

30.04.2025 Fundur Velferðarnefnd: Húsaleigulög (...skráningarskylda leigusamninga og breyting leigufjárhæðar)

12.05.2025 Alþingi Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald (skammtímaleiga, gagnaöflun og rekstrarleyfi)

22.05.2025 Fundur Atvinnuveganefnd: Gististaðir o.fl. (skammtímaleiga, gagnaöflun og rekstrarleyfi)

10.06.2025 Samráðsgátt Allsherjarúttekt á stöðu mannréttindamála - drög að miðannarskýrslu

25.06.2025 Samráðsgátt Drög að forgangslista við hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB fyrir árin 2024 - 2029

31.07.2025 Samráðsgátt Áform um rafræna og stafræna málsmeðferð hjá sýslumönnum og dómstólum

13.08.2025 Samráðsgátt Áform um breytingu á lögum um húsnæðismál (fyrirkomulag hlutdeildarlána)

18.08.2025 Samráðsgátt Drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um almannavarnir

01.09.2025 Samráðsgátt Áætlun um innleiðingu EES-gerða á fjármálamarkaði

12.09.2025 Samráðsgátt Frumvarp um stafræna og rafræna málsmeðferð hjá sýslumönnum og dómstólum

18.09.2025 Alþingi Menntasjóður námsmanna (námsstyrkir og endurgreiðslur)

25.09.2025 Alþingi Húsaleigulög (almenn skráningarskylda leigusamninga og breyting leigufjárhæðar)

25.09.2025 Alþingi Sýslumaður [sameining sýslumannsembætta]

25.09.2025 Alþingi Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald (skammtímaleiga, gagnaöflun og rekstrarleyfi)

06.10.2025 Samráðsgátt Áform um nefndahús

07.10.2025 Samráðsgátt Drög að frumvarpi til markaðssetningarlaga

08.10.2025 Alþingi Evrópska efnahagssvæðið (bókun 35)

10.10.2025 Alþingi Stefna í neytendamálum til ársins 2030 [þingsályktunartillaga]

17.10.2025 Alþingi Stjórnarsýslulög (ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins)

17.10.2025 Alþingi Innheimtulög (leyfisskylda o.fl.)

24.10.2025 Samráðsgátt Aðgengi að vefsetrum og smáforritum opinberra aðila

29.10.2025 Alþingi Aðför og nauðungarsala (sala á almennum markaði í stað uppboðs)

05.11.2025 Fundur Utanríkismálanefnd: Evrópska efnahagssvæðið (bókun 35)

11.11.2025	Alþingi	Stimpilgjald (kaup einstaklings á íbúðarhúsnæði eða lögbýli)
18.11.2025	Samráðsgátt	Stöðumat og valkostir um stefnu um opinbera þjónustu
26.11.2025	Alþingi	Stafræn og rafræn málsmeðferð hjá sýslumönnum og dómstólum
26.11.2025	Alþingi	Markaðssetningarlög
26.11.2025	Alþingi	Skattar, gjöld o.fl. (tollar, leigutekjur o.fl.)
26.11.2025	Alþingi	Aðgengi að vefsetrum og smáforritum opinberra aðila
28.11.2025	Fundur	Efnahags- og viðskiptanefnd: Skattar, gjöld o.fl. (tollar, leigutekjur o.fl.)
28.11.2025	Alþingi	Fjárlög 2026 [beiðni um stuðning við óháða ráðgjafarþjónustu heimilanna]
01.12.2025	Alþingi	Fjármálafyrirtæki (CRR III)
03.12.2025	Alþingi	Sameining Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar
06.12.2025	Alþingi	Húsnæðismál (hlutdeildarlán)
06.12.2025	Alþingi	Almannavarnir [frumvarp til nýrra heildarlaga]
08.12.2025	Fundur	Velferðarnefnd: Húsnæðismál (hlutdeildarlán)
12.01.2026	Fundur	Velferðarnefnd: Sameining Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar
20.01.2026	Fundur	Efnahags- og viðskiptanefnd: Markaðssetningarlög
21.01.2026	Fundur	Allsherjar- og menntamálanefnd: Stafræn málsmeðferð, aðgengi að vefsetrum og smáforritum

Fjölmiðlaumfjöllun

12.03.2025	RÚV	Dómsmál fyrrverandi formanns HH: <i>Ásthildur Lóa ætlar lengra með málið gegn ríkinu</i>
12.03.2025	Mbl.is	Dómsmál fyrrverandi formanns HH: <i>Ásthildur Lóa Þórsdóttir tapaði gegn ríkinu</i>
14.03.2025	Viðskiptablaðið	Dómsmál fyrrverandi formanns HH: <i>Hefur lýst yfir vantrausti á kerfið um árabíl</i>
24.03.2025	Mbl.is	Dómsmál fyrrverandi formanns HH: <i>Ásthildur Lóa fékk algjöra sérmeðferð hjá bankanum</i>
24.03.2025	Mbl.is	Dómsmál fyrrverandi formanns HH: <i>Afsláttur bankans til Ásthildar Lóu skattskyldur</i>
09.04.2025	Viðskiptablaðið	Fjallað um fyrrum formann og HH í skoðanadálki Viðskiptablaðsins
11.04.2025	Viðskiptablaðið	Fjallað um umsögn HH um frumvarp um sýslumann í Viðskiptablaðinu
14.05.2025	Morgunblaðið	Fjallar um styrkþega Félagsmálaráðuneytisins m.a. Hagsmunasamtök heimilanna
07.08.2025	Útvarp Saga	Formaður HH í viðtali um rétt neytenda til úrræða vegna greiðsluerfiðleika
08.08.2025	Útvarp Saga	Um viðtal: <i>Bönkum óheimilt að neita fólki í greiðsluerfiðleikum um úrræði</i>
08.08.2025	Fréttatíminn	Um viðtal: <i>Bönkum óheimilt að neita fólki í greiðsluerfiðleikum</i>
09.08.2025	Útvarp Saga	Um viðtal: <i>Fjárhagsvandi hefur alvarleg áhrif á andlega og líkamlega heilsu fólks</i>
10.08.2025	Útvarp Saga	Um viðtal: <i>Eftirlitsstofnanir og stjórnvöld vanrækja að verja heimilin</i>
10.08.2025	Útvarp Saga	Um viðtal: <i>Skortur, þöggun og þrælahald í steinsteypu</i>
11.08.2025	Útvarp Saga	Um viðtal: <i>Hagsmunir fjármálastofnana teknir fram yfir hagsmuni almennings</i>
19.08.2025	Útvarp Saga	Formaður HH í viðtali um rafræna málsmeðferð hjá sýslumönnum og dómstólum
19.08.2025	Útvarp Saga	Um viðtal: <i>Réttindi skuldara skerðast með rafrænum aðfarargerðum</i>
20.08.2025	Útvarp Saga	Um viðtal: <i>Rafrænar aðfarargerðir tengjast eignaleysisstefnunni</i>
20.08.2025	Útvarp Saga	Um viðtal: <i>Lítið gagnsæi um Ísland.is vekur upp áhyggjur</i>
23.08.2025	Útvarp Saga	Um viðtal: <i>Réttur til réttlátrar málsmeðferðar stangast á við frumvarp ...</i>
24.08.2025	Útvarp Saga	Um viðtal: <i>Setja þarf ákvæði um vernd heimila í ný lög um almannavarnir</i>
27.09.2025	DV	Fjallað um umsögn HH um skammtímaleigufrumvarp: <i>Segja Airbnb-frumvarpið óþarft</i>

01.10.2025	Útvarp Saga	Formaður HH í viðtali um rafræna málsmeðferð, Ísland.is, hlutdeildarlán o.fl.
01.10.2025	Útvarp Saga	Um viðtal: <i>Rafræn birting skjala vekur upp áhyggjur um réttindi borgaranna</i>
01.10.2025	Útvarp Saga	Um viðtal: <i>Hlutdeildarlán gagnast ekki öllum sem vilja eignast húsnæði</i>
02.10.2025	Útvarp Saga	Um viðtal: <i>Hvetur almenning til að fylgjast vel með pósthólfi á Ísland.is</i>
02.10.2025	RÚV	Formaður HH í viðtali í sjónvarpsfréttum um vaxandi skuldavanda heimila
02.10.2025	RÚV	Um viðtal: <i>Fólk í skuldavanda bíður í allt að eitt ár eftir aðstoð</i>
05.10.2025	Útvarp Saga	Um viðtal: <i>Landeigendur verða fyrir skaða vegna rafrænnar skráningar</i>
06.10.2025	Fréttatíminn	Fjallað um umsögn HH: <i>Lagt verði bann við hækkun húsaleigu</i>
09.10.2025	Vísir, Skoðun	Grein formanns HH: <i>Skilningsleysi á skaðsemi verðtryggingar</i>
09.10.2025	Bylgjan	Formaður HH í síðdegissímatíma um greinina: <i>Skilningsleysi á skaðsemi verðtryggingar</i>
10.10.2025	Bylgjan	Formaður HH í viðtali um greinina: <i>Skilningsleysi á skaðsemi verðtryggingar</i>
13.10.2025	Fréttatíminn	Birting á fréttatilkynningu HH: <i>Réttur neytenda til úrræða vegna greiðsluferfiðleika</i>
13.10.2025	Fréttatíminn	Birting á fréttatilkynningu HH: <i>Áhættan af vaxtamálum bankanna vofir yfir ríkissjóði</i>
13.10.2025	Samtöðin	Birting á fréttatilkynningu HH: <i>Áhættan af vaxtamálum bankanna vofir yfir ríkissjóði</i>
14.10.2025	RÚV	Formaður HH í sjónvarpsviðtali um viðbrögð við dómi Hæstaréttar Íslands í vaxtamáli
14.10.2025	Heimildin	Formaður HH meðal viðmælenda um viðbrögð við dómi Hæstaréttar Íslands í vaxtamáli
14.10.2025	Bylgjan	Formaður HH í síðdegissímatíma um viðbrögð við dómi Hæstaréttar Íslands í vaxtamáli
15.10.2025	Viðskiptablaðið	Fjallað um viðtal RÚV við formann HH um stöðuna hjá umboðsmanni skuldara (<i>prent</i>)
19.10.2025	Viðskiptablaðið	Fjallað um viðtal RÚV við formann HH um stöðuna hjá umboðsmanni skuldara (<i>vefur</i>)
24.10.2025	Vísir, Skoðun	Grein formanns HH: <i>Einfaldar lausnir á vaxtamálavanda bankanna</i>
24.10.2025	Bylgjan	Formaður HH í viðtali um afleiðingar dóms í vaxtamáli og afnám verðtryggingar
30.10.2025	Fréttatíminn	Umfjöllun um færslu á facebook síðu HH um 32,5 milljarða króna tap Seðlabankans
31.10.2025	Útvarp Saga	Formaður HH í viðtali um dóm í vaxtamáli og húsnæðisaðgerðir stjórnvalda
31.10.2025	Útvarp Saga	Um viðtal: <i>Dómur Hæstaréttar í vaxtamálinu veikir stöðu neytenda gagnvart bönkum</i>
31.10.2025	Útvarp Saga	Um viðtal: <i>Gagnrýnir harðlega eftirlitsleysi stjórnvalda gagnvart bönkunum</i>
02.11.2025	Útvarp Saga	Um viðtal: <i>Ríkisstjórnin kennir neytendum um óvissu á húsnæðismarkaði</i>
03.11.2025	Útvarp Saga	Fjallað um fréttatilkynningu HH: <i>Vara við ríkisafskiptum og óvissu í vaxtamálum</i>
03.11.2025	Útvarp Saga	Um tilkynningu: <i>[HH] vara við ríkisafskiptum og óvissu í vaxtamálum</i>
03.11.2025	Fréttatíminn	Um tilkynningu: <i>Þá eins og nú opinberuðust einhver umfangsmestu lögbrot síðari tíma</i>
03.11.2025	Miðjan	Um tilkynningu: <i>Vörum við ríkisafskiptum og höfnum óvissu í vaxtamálum</i>
04.11.2025	Bylgjan	Formaður HH í síðdegissímatíma um rangfærslur í umræðu um vexti og verðtryggingu
17.11.2025	Bylgjan	Formaður HH í síðdegissímatíma um neytendavernd, vaxtamál og verðbólguþælingar
19.11.2025	Vísir, Skoðun	Stjórnarmaður HH skrifar um vaxtakjör: <i>Vaxtaokrið</i>
19.11.2025	RÚV	Fjallað um spurningar formanns HH á kynningarfundum peningastefnunar Seðlabanka
19.11.2025	Sýn	Bútur úr viðtali við formann HH um vaxtaákvörðun Seðlabankans í kvöldfréttum
19.11.2025	Mbl.is	Umfjöllun um viðtal við formann HH: <i>Hefðu viljað meira fyrir</i>
19.11.2025	Vísir	Umfjöllun um kvöldfréttir Sýnar um vaxtaákvörðun með viðtalsbúti við formann HH
26.01.2026	Bylgjan	Formaður HH í síðdegissímatíma um áhrif opinberra gjaldskrárhækkana á verðbólgu
06.02.2026	Bylgjan	Formaður HH í síðdegissímatíma um boðað fyrsta skref að afnámi verðtryggingar

ÁRSREIKNINGUR 2025

- fyrir aðalfund 19. febrúar 2026

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Ársreikningur 2025
Hagsmunasamtök heimilanna
kt. 520209-2120

Ársreikningur 2025

Hagsmunasamtök heimilanna

kt. 520209-2120

Efnisyfirlit:

Áritun bókhaldsstofu.....	3
Áritun stjórnar og skoðunarmanna.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6–7
Skýringar.....	8
Sundurliðanir með ársreikningi.....	9–10

Áritun bókhaldsstofu

Til stjórnar í Hagsmunasamtökum heimilanna:

Undirritaður hefur aðstoðað við að semja ársreikning fyrir Hagsmunasamtök heimilanna, vegna ársins 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrar- og efnahagsreikning ásamt sundurliðun, skýringum sem og samanburð við fyrra ár. Ársreikningurinn er síðan hluti af starfsskýrslu stjórnar til félagsmanna.

Reikningurinn er byggður á bókhaldi samtakanna og öðrum upplýsingum. Ársreikningurinn er í samræmi við lög, samþykktir samtakanna og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Skv. 6. grein samþykpta samtakanna er starfsár og reikningsár almanaksárið.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn samtakanna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Við ársreikningagerðina var leitast við að leiða fram með glöggum hætti rekstur og efnahag samtakanna og við þá vinnu voru framkvæmdar þær skoðanir á bókhaldi og uppgjörum fyrri ára sem talið var nauðsynlegt. Jafnframt var bókhald, staða bankareikninga, uppgjör á ógreiddum kostnaði og launatengdum gjöldum skoðað í byrjun árs 2026 og stemmt af, til að sannreyna áramótastöður ársreikningsins.

Við er í skýringar og sundurliðanir varðandi einstaka liði uppgjörsins.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem mér eru kunnar og ég tel skipta máli koma þar fram.

Akureyri, 1. febrúar 2026,

Jón bókari slf., bókhaldsþjónusta,



Jón Helgi Óskarsson,
viðurkenndur bókari.

Áritun stjórnar og skoðunarmanna


Undirritun stjórnar Hagsmunasamtaka heimilanna

Starfsár stjórnar Hagsmunasamtaka heimilanna, var frá aðalfundi 20. febrúar 2025 til og með 19. febrúar 2026. Vísað er til skýrslu stjórnar um liðið starfsár, sem fylgir með ársreikningi þessum til aðalfundar. Stjórnarmenn Hagsmunasamtaka heimilanna, kjörnir á aðalfundi 20. febrúar 2025, staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2025, með undirritun sinni.


Reykjavík, 4. febrúar 2026,
í stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna fram að aðalfundi 2026:



Guðmundur Ásgeirsson,
formaður,




Sigríður Örlýgsdóttir,
varaformaður,



Guðrún Bryndís Harðardóttir,
gjaldkeri,



Jónas Ungvi Ásgrímsson,
ritari,



Guðrún Hulda Ólafsdóttir,
meðstjórnandi.

Undirritun kjörinna skoðunarmanna Hagsmunasamtaka heimilanna

Skoðunarmenn Hagsmunasamtaka heimilanna, kjörnir á aðalfundi 20. febrúar 2025, undirrita hér með án athugasemda ársreikning samtakanna fyrir rekstrarárið 2025.

Reykjavík, 4. febrúar 2026,



Sigfríð Gerður Hallgrímsdóttir,
skoðunarmaður,



Baldur Garðarsson,
skoðunarmaður.

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2025	2024
Tekjur:			
Félagsgjöld	7	9.290.400	9.806.700
Framlög og styrkir	8	10.061.800	7.005.000
Sérstök fjáröflun	9	10.000	45.000
Málskostnaðarstyrkir	10	3.000	36.000
		<u>19.365.200</u>	<u>16.892.700</u>
Gjöld:			
Þjónustugjöld banka og kortafyrirtækis vegna fjáröflunar		0	620
Bankakostnaður v/innheimtu félagsgjalda		585.530	446.488
Laun og launatengd gjöld	6/17	7.030.008	13.305.460
Húsaleiga og húsnæðiskostnaður		1.342.510	1.288.416
Árgjöld til samstarfsfélaga	15	30.000	30.000
Annar rekstrarkostnaður	19	810.880	960.229
		<u>9.798.928</u>	<u>16.031.213</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur		1.806.355	1.456.064
Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld	20	(8.057)	(6.763)
		<u>1.798.298</u>	<u>1.449.301</u>
Skattar- og gjöld:			
Álagður fjármagnstekjuskattur v/vaxta fyrra árs	5	0	0
Rekstrarafgangur (tap) ársins		<u>11.364.570</u>	<u>2.310.788</u>

Efnahagsreikningur

	Skýr.	2025	2024
Eignir			
Fastafjármunir:			
		0	0
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		0	0
Fastafjármunir og áhættufjármunir alls		0	0
Veltufjármunir:			
Fyrirframgreiddur fjármagnstekjuskattur	5	4	0
Útistandandi kröfur og aðrar skammtímakröfur	3/5	0	39.913
Bankainnstæður í lok uppgjörstímabils	4/21	29.989.329	18.691.322
Veltufjármunir alls		29.989.333	18.731.235
Eignir samtals		29.989.333	18.731.235

pr. 31. desember

	Skýr.	2025	2024
Skuldir og handbært fé			
Handbært fé:			
Óráðstafað handbært fé félagssjóðs		20.949.713	10.101.815
Óráðstafað handbært fé málskostnaðarsjóðs	4	1.013.127	939.284
Óráðstafað handbært fé fjáröflunarsjóðs	4	7.691.465	7.248.636
Óráðstafað handbært fé alls		<u>29.654.305</u>	<u>18.289.735</u>
Skammtímaskuldir:			
Ógreiddur kostnaður		142.720	255.746
Ógreidd laun og launatengd gjöld	6/17	<u>192.308</u>	<u>185.754</u>
Skammtímaskuldir alls		<u>335.028</u>	<u>441.500</u>
Skuldir alls		<u>335.028</u>	<u>441.500</u>
Skuldir og óráðstafað handbært fé samtals		<u><u>29.989.333</u></u>	<u><u>18.731.235</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðgerðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Einstakir liðir rekstrar og efnahags eru sundurliðaðir hér fyrir aftan en aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir:

Fastafjármunir og áhættufjármunir

2. Hagsmunasamtökin eiga hvorki fastafjármunir né neina áhættufjármuni

Skammtímakröfur

3. Meðal skammtímakrafna í árslok er að finna kröfu vegna ofgreiðslu fjármagnstekjuskatts. (sjá skýringu nr. 5)

Handbært fé

4. Greining á handbæru fé: Heildar óráðstafað handbært fé í árslok 2025 nemur kr. 29.654.305.

	Óráðstafað handbært fé	Samanburður við fyrra ár
Óráðstafað handbært fé, yfirfært f.f. ári	18.289.735	15.978.947
Rekstrarafgangur (tap) ársins	11.364.570	2.310.788
	<u>29.654.305</u>	<u>18.289.735</u>

Þar af greinist fjáröflunarreikningur með eftirfandi hætti

	Sundurliðun	Árið 2024
Staða fjáröflunar, yfirfærð frá fyrra ári	5.748.636	5.336.112
Framlag til félagssjóðs	0	0
Innborganir frá styrktaraðilum	10.000	45.000
Bankakostnaður v.innheimtu	0	-620
Innvextir	432.829	368.144
Greiddur fjármagnstekjuskattur	0	0
	<u>6.191.465</u>	<u>5.748.636</u>
Krafa á félagssjóð vegna framlags 2023	1.500.000	1.500.000
Óráðstafað fé fjáröflunarsjóðs:	<u>7.691.465</u>	<u>7.248.636</u>

Þar af greinist málskostnaðarsjóður með eftirfarandi hætti:

	Sundurliðun	Árið 2024
Málskostnaðarsjóður, yfirfært frá fyrra ári	939.284	831.572
Innborgaðir styrkir	3.000	36.000
Innvextir bankareiknings	70.847	71.712
Greiddur fjármagnstekjuskattur	-4	0
Greiddur lögfræðikostnaður	0	0
Staða málskostnaðarsjóðs skv. banka í árslok:	<u>1.013.127</u>	<u>939.284</u>
Annað óuppgert við félagssjóð	0	0
Óráðstafað fé málskostnaðarsjóðs:	<u>1.013.127</u>	<u>939.284</u>

Skattamál

5. Fyrirframgreiddur fjármagnstekjuskattur kr. 4, mun koma til endurgreiðslu frá Skattinum pr. 1. nóv. 2026. Almannaheillafélög eru undanþegin greiðslu fjármagnstekjuskatts

Starfsmannamál

6. Árið 2025 komust tveir starfsmenn á launaskrá hjá samtökunum, þó ekki allt árið. Samtals fjöldi greiddra vinnustunda á árinu jafngildi 0,63 stöðugildi (1,07 árið áður). Stjórnarstörf eru ólaunuð samanber 9. grein samþykktar samtakanna. Um laun og launatengd gjöld vísast að öðru leyti til sundurliðana með ársreikningi.

Sundurliðanir með ársreikningi

	Skýr.	2025	2024
7. Félagsgjöld:			
Félagsgjöld, 2025 @5.900 (1503 greiðslur)		8.867.700	0
Félagsgjöld, 2024 @5.900 (65+1609 greiðslur) alls 1.674		383.500	9.493.100
Félagsgjöld, 2023 @4.900 (8+56+1688 greiðslur) alls 1.752		39.200	274.400
Félagsgjöld, 2022 @4.900 (8+66+1694+1 greiðslur) alls 1.769		0	39.200
Félagsgjöld, 2021 @4.900 (5/59/1825 greiðslur) alls 1.889		0	0
Félagsgjöld alls:		9.290.400	9.806.700
8. Framlög og styrkir:			
Framlög frá einstaklingum		61.800	5.000
Framlög frá ríkissjóði		10.000.000	7.000.000
Framlög og styrkir alls:		10.061.800	7.005.000
9. Sérstök fjáröflun (bakhjarlar HH):			
Fjáröflun frá einstaklingum		10.000	45.000
Fjáröflun alls:	4	10.000	45.000
10. Málskostnaðarstyrkir:			
Málskostnaðarstyrkir frá einstaklingum		3.000	36.000
Málskostnaðarstyrkir alls:	4	3.000	36.000
11. Tekjur af útseldri þjónustu:			
Tekjur af útseldri þjónustu alls:		0	0
12. Aðrar tekjur:			
Aðrar tekjur alls:		0	0
13. Aðkeypt vinna til endursölu:			
Aðkeypt vinna til endursölu alls:		0	0
14. Aðkeypt vinna vegna fjáröflun:			
Aðkeypt vinna við fjáröflun alls:		0	0
15. Árgjöld til samstarfsaðila:			
Almannaeið, samtök þriðja geirans, árgjald		30.000	30.000
Árgjöld til samstarfsaðila alls:		30.000	30.000
16. Málskostnaðarstyrkir vegna félagsmanna:			
Styrkir úr fjáröflunarsjóði alls:		0	0
17. Laun og launatengd gjöld:			
Laun		5.745.479	10.708.847
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður		1.284.529	2.596.613
Laun og launatengd gjöld alls:	6	7.030.008	13.305.460
18. Lögfræðikostnaður:			
Lögfræðikostnaður alls:		0	0

Sundurliðanir með ársreikningi

	Skýr.	2025	2024
19. Annar rekstrarkostnaður:			
Gjaldfærð áhöld og tæki		0	114.990
Viðhald tækja og hugbúnaðar		0	23.181
Simakostnaður		32.427	34.961
Pappír, prentun og ritföng		15.018	18.028
Þjónusta og rekstur tölvukerfis og heimasíðu		95.005	92.142
Neytendatorg, vinna við hönnun vefsíðu		0	96.642
Bókhaldsaðstoð, reikningsskil og uppgjör		592.550	510.450
Fundir og félagsstarf, þ.m.t. fréttabréf		75.880	69.835
Félagsstarf og annar rekstrarkostnaður alls:		810.880	960.229
20. Vextir og fjármagnsgjöld:			
Ýmis vaxtagjöld		(6.007)	(4.453)
Þjónustugjöld banka og greiðslukorta		(2.050)	(2.310)
Vextir og önnur fjármagnsgjöld alls:		(8.057)	(6.763)
21. Handbært fé:			
Bankareikningar félagssjóðs hjá Sparisjóði S-Þingeyinga		22.784.737	12.003.402
Fjáröflunarreikningar hjá Sparisjóði S-Þingeyinga	4	6.191.465	5.748.636
Málskostnaðarreikningur hjá Sparisjóði S-Þingeyinga	4	1.013.127	939.284
Handbært fé alls:		29.989.329	18.691.322

SAMÞYKKTIR

- fyrir aðalfund 19. febrúar 2026

Hagsmunasamtök Heimilanna

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Eftirfarandi samþykktir voru samþykktar með breytingum á aðalfundi Hagsmunasamtaka heimilanna 27. apríl. 2010, 31. maí 2012, 15. maí 2014, 21. maí 2015, 30. maí 2017, 20. febrúar 2018, 25. febrúar 2020, 23. febrúar 2021, 23. febrúar 2022 og 23. febrúar 2023. Þær eiga uppruna sinn að rekja til stofnsamþykktar samtakanna frá 15. janúar 2009 með þeim breytingum sem samþykktar voru á aðalfundi 2009.

1. gr. Heiti, varnarþing og félagssvæði

- Samtökin heita Hagsmunasamtök heimilanna fta., skammstafað HH.
- Heimili samtakanna, skrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.
- Félagssvæði samtakanna nær til alls landsins.
- Samtökin starfa samkvæmt lögum nr. 110/2021 um félög til almannaheilla.

2. gr. Forsendur

- Samtökin eru frjáls og óháð stjórn mála flokkum og öðrum hagsmunaaðilum.
- Samtökin starfa á lýðræðislegum grunni með það að leiðarljósi að félagar hafi jafnan rétt til áhrifa.
- Þar sem ákvæði þessara samþykkt segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 110/2021 um félög til almannaheilla, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

3. gr. Tilgangur

- Samtökin eru vettvangur fyrir fólkið í landinu til að verja og bæta hagsmuni heimilanna í landinu.
- Samtökin eru málsvari og talsmaður félagsmanna í umræðu um hagsmuni heimilanna til skemmri og lengri tíma.
- Samtökin koma fram fyrir hönd félagsmanna og neytenda á fjármálamarkaði í hverskyns hagsmunamálum, svo sem varðandi löggjöf, framkvæmd hennar og í dómsmálum eða hverjum öðrum málferlum er snerta réttindi þeirra.

4. gr. Markmið

- Markmið samtakanna er að beita sér fyrir lagabreytingum og / eða lagasetningum til varnar og hagsbóta fyrir heimilin í landinu.
- Markmið samtakanna er að stuðla að leiðréttingu veðlána heimilanna vegna brota gegn réttindum neytenda eða forsendubrests, jafna ábyrgð milli lántaka og lánveitenda, bæta réttarstöðu neytenda í lánaviðskiptum og stuðla að réttlátum og sanngjörnum lánskjörum fyrir neytendur.
- Markmið samtakanna er að efla vitund neytenda um réttarstöðu sína og samtakamátt.
- Samtökin vinna að tilgangi sínum og markmiðum eftir öllum lögmætum leiðum og með réttmætum samtakamætti. Í því skyni geta samtökin höfðað dómsmál eða leitað annarra réttarúrræða til að vernda heildarhagsmuni neytenda og stutt neytendur í fordæmisgefandi málum.
- Samtökin geta unnið að tilgangi sínum og markmiðum með aðild að og þátttöku í starfsemi félagasambanda sem hafa samrýmanlegan tilgang og markmið.

5. gr. Aðild og úrsögn

- Aðild að samtökunum er einstaklingsbundin og miðast við að lágmarki 18 ára aldur.
- Umsókn um aðild skal vera skrifleg, til dæmis með rafrænni skráningu á heimasíðu samtakanna, fyllt út á félagsfundi og/eða með öðrum skriflegum sannanlegum hætti. Sama á við um úrsögn úr samtökunum.

6. gr. Aðalfundur

- Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið.
- Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum samtakanna. Aðalfundur skal halda fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Rétt til setu á aðalfundi eiga allir félagsmenn samtakanna. Boða skal til aðalfundar með tölvupósti og opinberri tilkynningu á heimasíðu samtakanna, www.heimilin.is, með minnst 14 daga fyrirvara. Fundargögn skulu vera aðgengileg félagsmönnum minnst 3 dögum fyrir fund. Stjórn er heimilt að verða við óskum félagsmanna um fundarboðun með pósti greiði viðkomandi félagsmaður sendingarkostnað sem hlýst af fundarboðun.
- Framboð til stjórnar skal berast eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Hafi ekki borist nægur fjöldi framboða innan þess frests skal fundarstjóri óska eftir framboðum á aðalfundi.
- Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:
 1. Skýrsla stjórnar
 2. Reikningar félagsins
 3. Lagabreytingar
 4. Kosning stjórnar
 5. Kosning varamanna
 6. Kosning skoðunarmanna
 7. Önnur mál
- Aðalfundur telst löglegur sé rétt til hans boðað. Stjórn er heimilt að bjóða öðrum áheyrn með fundarsetu.
- Á aðalfundi skal stjórn gefa skýrslu ársins um starf og árangur samtakanna.
- Ársreikning skal staðfesta með áritun meirihluta aðalstjórnar að minnsta kosti. Formaður og gjaldkeri skulu ávallt staðfesta ársreikning með áritun sinni. Ársreikning skal leggja fyrir á aðalfundi.
- Heimilt er að halda fundi með rafrænum hætti. Þá er heimilt að atkvæðagreiðsla fari fram með rafrænum hætti.
- Stjórn er heimilt að boða til aukaaðalfundar ef fyrir liggja brýn málefni sem ekki geta beðið reglulegs aðalfundar, eða ef 20% félagsmanna fara fram á slíka boðun með tillögu um dagskrá.

7. gr. Almennir félagsfundir og vinnufundir

- Félagsfundir skulu haldnir svo oft sem stjórn samtakanna telur ástæðu til. Boða skal til félagsfundar með að lágmarki þriggja daga fyrirvara.
- Stjórn skal ætíð boða til félagsfundar innan 14 daga komi fram ósk um það frá meirihluta stjórnarmanna eða 20% félagsmanna.
- Vinnufundir skulu kynntir á heimasíðu félagsins.

8. gr. Afgreiðsla mála

- Á aðalfundum og öðrum félagsfundum ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða nema annað sé tekið fram í samþykktum þessum. Komi fram ósk um skriflega atkvæðagreiðslu skal orðið við því.
- Heimilt er að atkvæðagreiðsla fari fram með rafrænum hætti. Þá er heimilt að hafa opið fyrir atkvæðagreiðslu í allt að þrjá daga frá lokum fundar.
- Heimilt er stjórn að efna til atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um málefni án þess að fyrst

hafi verið boðað til fundar nema samþykktir kveði á um annað.

9. gr. Stjórn

- Stjórn samtakanna skal skipuð 5 aðalmönnum og 3-5 til vara, sem kosnir skulu á aðalfundi samtakanna. Stjórnin kys sér formann, varaformann, ritara og gjaldkera á fyrsta stjórnarfundum að loknum aðalfundi. Firma félagsins ritar meirihluti stjórnar.
- Stjórnarstörf eru ólaunuð, en heimilt er að greiða fyrir útlagðan kostnað vegna rekstrar samtakanna. Þrátt fyrir það getur stjórnarmaður til jafns við aðra gefið kost á sér til verkefna, sem stjórn ákveður að stofna til og kaupa þjónustu fyrir gegn eðlilegu og sanngjörnu endurgjaldi, enda hafi atkvæði hans ekki ráðið úrslitum um þá ákvörðun. Skal hann þá jafnframt víkja sæti við allar frekari ákvarðanir stjórnar um verkefnið. Gera skal skriflegan þjónustusamning um hvert verkefni, sem innihaldi skýra verklýsingu og upplýsingar um alla kostnaðarskiptingu verkefnisins milli verkkaupa og verksala.
- Stjórnin skal koma saman til fundar að minnsta kosti mánaðarlega og skal hún halda fundargerðir. Að öðru leyti kveður stjórnarformaður stjórnina til fundar, þegar honum þykir þörf og skylt er honum að boða til fundar í stjórninni þegar tveir stjórnarmenn óska þess.
- Stjórnarmenn skulu boða forföll, komist þeir ekki á stjórnarfund. Nú sækir aðalmaður ekki stjórnarfundum um tveggja mánaða skeið. Fyrirgerir hann sér þá sæti sínu í stjórn, nema um lögmæta ástæðu sé að ræða, tekur sæti síðasta manns í varastjórn og fyrsti varamaður tekur sæti í stjórn í hans stað.

10. gr. Verkefni stjórnar

- Stjórn samtakanna fer með æðsta vald í málefnum þeirra milli aðalfunda. Hún undirbýr aðalfund og aðra félagsfundum. Formaður boðar til stjórnarfunda með sannanlegum hætti. Stjórnarfundir eru lögmætir ef 4 eða fleiri stjórnarmenn eða varamenn þeirra eru mættir.
- Við afgreiðslu mála á stjórnarfundum fer hver stjórnarmaður með eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns fundarins. Varamaður hefur aðeins tillögurétt á stjórnarfundum nema hann leysi af stjórnarmann.
- Stjórn semur stefnuskrá hvers starfsárs. Stjórn skal hafa yfirumsjón með daglegri starfsemi samtakanna eða ræður sérstakan aðila til þess og til sértækra verkefna.
- Stjórn setur nefndum samtakanna reglur þar sem fram kemur hlutverk nefndanna.
- Fastráðnir starfsmenn samtakanna skulu ekki samhliða gegna trúnaðarstörfum fyrir stjórnsmálasamtök.
- Í samþykktum þessum eru stjórnsmálasamtök skilgreind sem flokkar eða samtök sem bjóða fram í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna. Trúnaðarstörf fyrir stjórnsmálasamtök eru störf í stjórnnum, ráðum og nefndum og önnur sambærileg störf á vegum eða í þágu stjórnsmálasamtaka. Formlegir talsmenn stjórnsmálasamtaka, frambjóðendur þeirra, starfsmenn og kjörnir fulltrúar teljast einnig gegna trúnaðarstörfum fyrir stjórnsmálasamtök.

11. gr. Staðbundnar deildir og nefndir

- Félagsmönnum er heimilt að stofna staðbundnar deildir sem starfa sjálfstætt á ákveðnum svæðum landsins, en þó eftir samþykktum og stefnuskrá samtakanna.
- Innan samtakanna starfa málefna nefndir sem annast upplýsingaöflun, greiningu, úrvinnslu og málefnauppbyggingu einstakra málefna samkvæmt stefnuskrá.
- Stjórn skipar formenn nefnda.

- Stjórn hefur heimild til að skipta út formönnum nefnda ef þurfa þykir.
- Aðeins félagsmenn geta verið nefndarmenn. Nefndarmönnum er þó heimilt að leita sér sérfræðiaðstoðar og álits utan samtakanna.
- Nefndarstörf eru ólaunuð.

12. gr. Fjármál

- Stjórn ber fram tillögur um félagsgjöld til samþykktar á aðalfundi. Félagsmenn bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins nema með félagsgjaldi sínu.
- Gjaldkera er heimilt með fyrirfram samþykki stjórnar að endurgreiða stjórnarmönnum eða nefndarmönnum sannanlega útlagðan kostnað vegna sérstakra verkefna í þágu félagsins.
- Stjórn er heimilt að stofna til kostnaðar innan fjárhagsramma samtakanna vegna daglegs reksturs, fundahalda og aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar.
- Samtökunum er heimilt að taka við frjálsum fjárframlögum frá öðrum en stjórnaráflokki / hreyfingum og fjármálastofnunum. Fjárframlög veita fjárveitanda ekki rétt til ítaka eða áhrifa í samtökunum. Samtökunum er heimilt að sækja um styrki í opinbera sjóði.
- Berist samtökunum frjáls fjárframlög er stjórn heimilt, innan fjárframlaga, að stofna til kostnaðar vegna húsnæðisleigu vegna aðalfunda og almennra félagsfunda og aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar, þjónustu eða vöru.
- Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn úr hópi félagsmanna.

13. gr. Breytingar

- Samþykktum þessum verður ekki breytt nema breytingatillaga hafi verið rædd á aðalfundi og að minnsta kosti 2/3 fundarmanna séu samþykkir tillögunni. Fyrirhuguð breyting skal kynnt í fundarboði og liggja fyrir í fundargögnum.

14. gr. Slit

- Samtökunum verður aðeins slitið með samþykki eftir umræðu á löglega boðuðum aðalfundi.
- Geta skal sérstaklega tillögu um félagsslit í fundarboði. Tillagan telst samþykkt, ef 2/3 hlutar fullgildra félagsmanna eru á aðalfundi og 2/3 fundarmanna greiða tillögunni atkvæði sitt. Ef ekki eru nægilega margir félagsmenn á fundinum, skal boða til aukaaðalfundar innan mánaðar. Við boðun þess fundar skal þess sérstaklega getið, að fyrir fundinum muni liggja tillaga um félagsslit. Á aukaaðalfundi þarf tillagan stuðning 4/5 hluta atkvæðisbærra mætttra félaga til að hljóta samþykki óháð mætingu.
- Heimilt er að atkvæðagreiðsla fari fram með rafrænum hætti.
- Verði samtökunum slitið, skal eignum þeirra ráðstafað til almannaheillafélags eða -félaga sem starfa að neytendamálum eða til stuðnings við fólk í fjárhagserfiðleikum. Með almannaheillafélögum er átt við lögaðila sem uppfylla skilyrði skráningar á almannaheillaskrá samkvæmt lögum um tekjuskatt eða almannaheillafélagaskrá samkvæmt lögum um félög til almannaheilla.

Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins í Reykjavík, 23. febrúar 2023.

FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR 2026

Framboð til aðalstjórnar:

- ☐ Guðmundur Ásgeirsson
- ☐ Guðrún Hulda Ólafsdóttir
- ☐ Hafþór Ólafsson
- ☐ Jónas Yngvi Ásgrímsson
- ☐ Pálmey Gísladóttir
- ☐ Sigríður Örlýgsdóttir

Framboð til varastjórnar:

- ☐ Guðrún Bryndís Harðardóttir
- ☐ Ólöf Pálína Úlfarsdóttir
- ☐ Úlfhildur Elín Guðmundsdóttir

TILNEFNING SKOÐUNARMANNA

Tveir félagsmenn hafa gefið kost á sér til að vera skoðunarmenn reikninga:

- ☐ Baldur Garðarsson
- ☐ Sigfríð Gerður Hallgrímsdóttir

